# Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

## Leyfi / Veikindi / Fjarvist

Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi. Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda veikinda- og/eða leyfisdaga við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntsviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

| **Þrep 1** | **Þrep 2** | **Þrep 3** | **Þrep 4** | **Þrep 5** |
|---|---|---|---|---|
| 5-9 dagar | 10-14 dagar | 15-19 dagar | 20-29 dagar | 30 dagar eða fleiri |
| Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla | Umsjónarkennari á samtal við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála. Ef um veikindi er að ræða má óska eftir aðkomu Nemendaverndarráðs. | Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra. | Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun gerð í samráði við Nemendaverndarráð sem send er til Menntasviðs Kópavogsbæjar. | Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref. |

Í 19. grein laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla“.

WALDORFSKÓLINN
LÆKJARBOTNUM